

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2012

2012/EES/56/14

frá 15. júní 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/770/EB frá 13. október 2009 um stöðluð skýrslusnið fyrir niðurstöður úr vöktun á sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, í formi afurða eða í afurðum, í þeim tilgangi að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 25j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/204/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„25k. **32009 D 0770**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/770/EB frá 13. október 2009 um stöðluð skýrslusnið fyrir niðurstöður úr vöktun á sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, í formi afurða eða í afurðum, í þeim tilgangi að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB (Stjtið. ESB L 275, 21.10.2010, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/770/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 275, 21.10.2010, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.